

Vesturbyggð
Aðalstræti
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 24.1.2022
UST202103-089/S.M.
08.14.02

Lokunareftirlit á aflagðan urðunarstað Vesturbyggðar

Þann 25. ágúst sl. fór fram lokunareftirlit á aflagðan urðunarstað Vesturbyggðar í Vatnseyrarhlíð. Í samræmi við 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik komu fram er varðar:

1. Gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 23. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. **Rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar, sbr. tl. 1, 3-6 í gr. 1.7 hafa ekki borist til stofnunarinnar.**

Frá eftirliti 2018 eru opin tvö frávik er varða:

2. Gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun. **Mælingar sem gerð er krafa um í starfsleyfinu hafa ekki farið fram og ekki hefur verið staðið skil á árlegri skýrslu um skráningar til Umhverfisstofnunar sem ber að skila fyrir 1. maí árlega.**
3. gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun. **Ljúka átti öllum frágangi svæðisins fyrir 1. október 2016 en enn á eftir að hylja svæðið betur með jarðvegi og laga landslagið í samræmi við deiliskipulag.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 14. febrúar 2022.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur

Steinunn Karlsdóttir
Sérfræðingur